



Fornleifakönnun á Hvanneyri Siglufirði



Horft til suðurs yfir gamla kirkjugarðinn á Hvanneyri

Guðný Zoëga

Desember 2006

2006/59



© Guðný Zoëga
Byggðasafn Skagfirðinga
Sauðárkróki
2006/59

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Saga Hvanneyrar	4
Rannsókn 2006	9
Skurður 1.....	10
Skurður 2.....	14
Skurður 3.....	17
Niðurstöður.....	20
Heimildir	23

Myndaskrá

MYND 1. NÚVERANDI PRESTSBÚSTAÐUR Á HVANNEYRI.....	4
MYND 2. UPPDRÁTTUR SR. BJARNA ÞORSTEINSSONAR AF SIGLUFIRÐI 1888.	6
MYND 3. YFIRLITSMYND AF UPPGRAFTARSVÆÐINU	9
MYND 4. SKURÐUR 1. KIRKJUGARÐSVEGGURINN NÆST Á MYND	10
MYND 5. JARÐLÖG Í SKURÐI 1	11
MYND 6. GRÖF Í SUÐURENDA SKURÐAR.....	12
MYND 7. SKURÐUR 2	14
MYND 8. JARÐLÖG Í SKURÐI 2.....	15
MYND 9. SKURÐUR 3	17
MYND 10. SNIÐ Í GEGN UM KIRKJUGARÐSVEGGINN	17
MYND 11. JARÐLÖG SYÐST Í SKURÐI 3	18
MYND 12. LEGSTEINAR Í SUÐVESTURHORN KIRKJUGARÐSINS.....	20
MYND 13. HORFT YFIR GAMLA KIRKJUGARÐINN TIL SUÐURS.....	21

Inngangur

Sumarið 2007 hyggur Siglufjarðarbær á jarðvinnslu í tengslum við skipulag umhverfis við prestsetrið á Hvanneyrarhóli. Framkvæmdin fer fram í samstarfi við Kirkjugarðasjóð en ætlunin er að fegra umhverfi gamla kirkjugarðsins sem hluta af skipulagi Siglufjarðarbæjar og 75 ára afmælis núverandi kirkju. Setja á upp skilti með sögulegum upplýsingum um staðinn til upplýsingar fyrir almenning og ferðamenn. Þar sem engin merki eru á yfirborði um kirkjugarðinn önnur en nokkrir legsteinar sem standa efst í túnbrekku vestan prestbústaðarins, úrskurðaði minjavörður Norðurlands vestra að kanna þyrfti umfang garðsins áður en farið yrði í frekari jarðvinnslu eða gróðursetningar á svæðinu. Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga var fengin til verksins og fór forneifakönnunin fram þann 10. okt. 2006. Hún var gerð með tilstyrk Kirkjugarðasjóðs og Siglufjarðarbæjar.



Mynd 1. Núverandi prestsbústaður á Hvanneyri, horft til austurs úr gamla kirkjugarðinum. Ljós. GZ.

Saga Hvanneyrar

Elstu heimildir um byggð í Siglufirði er að finna í Landnámu en þar segir: „Þormóður hinn rammi hét maður; hann vó Gyrð, móðurföður Skjálgs á Jaðri, og varð fyrir það landflótti og fór til Íslands. Hann kom skipi sínu í Siglufjörð og sigldi inn að Þormóðseyri og kallaði af því Siglufjörð; hann nam Siglufjörð allan á milli Úlfsdala (og Hvanndala) og bjó á Siglunesi. Hann deildi um Hvanndali við Óláf bekk og varð sextán manna bani, áður þeir sættust, en þá skyldi sitt sumar hvor hafa“.¹ Samkvæmt þessu var Siglunes landnámsbýli í Siglufirði og þar var sóknarkirkja um tíma.

Ekki er vitað um aldur býlisins Hvanneyrar en býlisins er fyrst getið í bréfi frá 1352 er Ormur biskup á Hólum kaupir jarðirnar Lambanes og Hvanneyri „[...]med rekum og

¹ Landnáma (Sturlubók), netútgáfa.

skoghum ok ollum þeim gognum og giædum sem þessum jordum hafa fylgt“² Í bréfi frá 1374 er jörðin sögð tilheyrja Hóladómkirkju og „[...]Medr huanneyri oll Reka gogn.“³ Býlið er þó sennilega nokkuð eldra og kann að vera frá fyrstu byggð í firðinum

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1709 segir „Huanneyre. Kirkjustaður og beneficium síðan í tíð herra Guðbrands Þorlákssonar á Hólum“⁴, segir jafnframt að „sakir prestsins og sóknarinnar og eftir hans og sóknarfólksins beiðni voru umskifti gjörð á Siglunesi, sem áður var beneficium, og þessum stað af biskupi, og hjer sóknarkirkjan sett, og síðan hefur so verið“.⁵ Guðbrandur var biskup á árabilinu 1571-1627 en sóknarkirkjan mun hafa verið flutt að Hvanneyri 1614.⁶ Eftir það var hálfkirkja á Siglunesi til 1765, en seinast var grafið í kirkjugarðinn þar árið 1809.⁷

Í Jarðabók Árna og Páls, er Hvanneyri metin á 20 hundruð á meðan hún var stólsjörð, og í Jarðabók Johnsens frá 1847, þar sem dýrleiki jarðarinnar er ekki gefinn upp er sagt að árið 1802 hafi staðurinn verið talinn 20 hundraða jörð.⁸

Um og eftir aldamótin 1900 jókst þéttbýlið á Siglufjarðareyri ört og árið 1918 varð Siglufjörður löggiltur kaupstaður og lagði undir sig gamla Hvanneyrartúnið, en prestssetrið stendur nánast á sama stað og gamli Hvanneyrarbærinn stóð.⁹ Árið 1942 keypti Siglufjarðarkaupstaður Hvanneyri af kirkjunni.¹⁰

Sagnir eru um bænhús eða hálfkirkju á Hvanneyri fyrir 1614 og að þar hafi verið grafið. Kirkjan og kirkjugarðurinn lágu í túnbrekku vestan bæjarins allt fram undir 1890 þegar kirkjan var flutt á Siglufjarðareyri. Kirkjur á Hvanneyri munu hafa verið torfklædd timburhús allt fram til 1834 þegar síðasta kirkjubygging þeirrar gerðar var

² Íslenskt fornbréfasafn - DI III. Bls. 5.

³ Sama heimild. Bls. 277.

⁴ Jarðabók Árna Pálssonar og Páls Vídalíns, 1943. Bls. 3.

⁵ Sama heimild.

⁶ Þ. Ragnar Jónasson, 1982. Bls. 11-43.

⁷ Sigurjón Sigtryggsson, 1986, I bindi. Bls. 29-30.


⁸ Jarðabók Árna Pálssonar og Páls Vídalíns, 1943. Bls. 3, Jarðabók Johnsens, bls. 284.

⁹ Ingólfur Kristjánsson, 1988. Bls. 91.

¹⁰ Sigurjón Sigtryggsson, 1986, II bindi. Bls. 644

rifin.¹¹ Þá var byggð timburkirkja sem stóð, með einhverjum viðgerðum, allt til 1890 er ný kirkja á Þorvaldseyri var vígð. Sú kirkja var í notkun fram til 1932 er núverandi kirkja var vígð.¹²

Gamli kirkjugarðurinn við Hvanneyrarbæ var aflagður árið 1910 en nýr kirkjugarður tekinn í notkun 1907 og munu garðarnir hafa verið samtímis í notkun í nokkur ár.



Mynd 2. Uppdráttur sr. Bjarna Þorsteinssonar af Siglufirði 1888. Númer 2 á myndinni er prestsbústaðurinn á Hvanneyri og númer 3 er kirkjugarðurinn. Á teikningunni er kirkjugarðurinn sýndur ferkantaður en fornleifarannsóknin leiddi í ljós að garðurinn hefur verið hringlaga. Uppdrátturinn er birtur í bókinni Siglufjarðarkirkja 1932-1982.

Eitthvað mun hafa verið jarðað í gamla garðinn fram undir 1930 en seinast var grafinn þar sr. Bjarni Þorsteinson tónsmiður og þjóðlagasafnari, jarðsunginn þann 18. ágúst 1938. Garðurinn utan um kirkjuna hefur líkt og tíðkaðist, verið úr torfi og grjóti en nú eru öll merki um útlínur garðsins horfin enda mun hafa verið sléttað úr garðinum um 1930.¹³ Enn standa þó í hnapp nokkrir legsteinar suðvestast í túni, vestan prestbústaðarins.

¹¹ Þ. Ragnar Jónasson, 1982. Bls. 31-36,

¹² Sigurjón Sigtryggsson, 1982. Bls. 47-79.

¹³ Guðbrandur Magnússon, 1982. Bls. 170-171.

Náttúrufar og jarðabætur

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1709 segir svo um landkosti Hvanneyrar: „útigángur lítill í fjörunni, en í betra lagi á landi, þó þarf hjer heystyrk til atla útigángspeníngi, meiri eður minni eftir árferði. Torfrista mjög lök og valla nýtileg, og er hjer stundum heyturf til fengið af ýmsum jörðum og til þeirra húsa sem vanda skyldi. Stúnga bjargleg. Elt er taði undan kvikfje með rekbönglum. Móskurður hefur að fornu verið, er nú eyddur og óbrúkanlegur þó til sé reynt. Silúngsveiði í sjónum með dráttar og lagnetjum að nokkru gagni, þá vel er að sókt. Grasatekja lítill. Selveiði að nokkru gagni í nótum, hepnast misjafnt, fer og til rýrðar. Rekavon er hér talin góð, en þó hefur hún ei hepnast í margt ár frammar en til byggingar kirkjunnar og staðarins. Hrognkelsaveiði hefur verið nokkur í netjum, sem nú hefur brugðist undir 20. ár. Túninu spillir nokkuð sjáfargángur með landbroti. Engið er stórlega skemt af skriðum, sem áeykst meir og meir. Úthagarnir eru nægir og góðir á Hvanneyrardal, þó það sje erfitt. Heimræði er hjer, lendíng góð og skipsuppsátur, og mega gánga so mörg skip sem staðarhaldarinn getur við komið“.¹⁴

Í Jarðabók Johnsens frá 1847 er landgæðum og dýrleika jarðarinnar lýst svo: „Brauðið er metið á 12. rd. Prestsetrið er jörð í meðallagi til búnytja á sumrum, eingi slétt og all-heygott, útbeit á vetrum og sumarhagar í betra meðallagi, grasatekja nokkur og silúngsveiði, en selveiði hefir lagzt frá, vegna skota og umferða frá verzlunarstaðnum. Trjáreki er hér nógur til viðurhalds gripahúsum. Útræði er frá staðnum til fiskjar og hákalls, hægur og stuttur flutníngur í og úr verzlunarstað. Tún eru stór, en ógrasgefin og þýfð meira enn að helmíngi og víða grýtt, eingi lítið, snöggt og grýtt. Tún og eingi liggja undir skemdum af fjallskriðum, túnið líka af sjáfarbroti. Torfrista er engin, mótak eigi heldur. Jörðin liggur við átroðningi ferðamanna, og er fólks- og hestafrek. Prestur telur leigumála á jörðunni 1 h. Lsk. 3 kúg“.¹⁵

Í öðru bindi bókarinnar *Frá Hvanndölum til Úlfsdala* segir svo um tún á Hvanneyri: „Tún hefur verið allmikið á Hvanneyri en nokkuð óslétt. Mjög forn garður hefur verið um það, allt til sjávar beggja vegna. Að norðan hefur það verið mjög votlent en garðurinn varið það að nokkru fyrir vatnsgangi, meðan hann stóð óhaggaður [...] Á fellur rétt norðan við bæinn. Ekki er hún mikið vatnsfall, en var samt virkjuð til

¹⁴ Jarðabók Árna Pálssonar og Páls Vídalíns, 1943. Bls. 4.

¹⁵ Jarðabók Johnsens, 1847. Bls. 308.

lýsingar kauptúnsins 1913 og var aðalljógjafinn þar til Skeiðsfossvirkjun tók til starfa 1945. Af gömlum farvegum má sjá, að til forna hefur hún runnið sunnan Hvanneyrarbæjar og hins forna túns. Þá hefur hún runnið niður um eyrina og unnið að myndun hennar”.¹⁶

Séra Bjarni Þorsteinsson mun hafa látið gera töluverðar jarðabætur á landi Hvanneyrar. Má þar nefna að hluti túnsins var sléttaður en einnig voru grafnir skurðir, land þurrkað upp og tún og engi girt.¹⁷

¹⁶ Sigurjón Sigtryggsson, 1986. Bls. 43.

¹⁷ Ingólfur Kristjánsson, 1988. Bls. 90.

Rannsókn 2006



Mynd 3. Horft til vesturs upp brekkuna þar sem gamli kirkjugarðurinn liggur. Skurður 2 í forgrunni, skurður 1 í miðið og skurður 3 fjærst. Ljós. GZ.

Gerð var fornleifarannsókn á kirkjugarðinum á Hvanneyrarhóli haustið 2006. Garðurinn liggur í dálitlum halla rétt vestan prestbústaðarins á Hvanneyrarhóli. Enn eru greinilegar leifar nokkurra grafa í garðinum suðvestanverðum, en garðurinn hefur orðið fyrir einhverjum skemmdum af völdum seinni tíma framkvæmda vestan, sunnan og austanvert. Þegar skoðuð var litloftmynd af Hvanneyrarhóli virtist sem greina megi gróðurskil á hringlaga svæði um 30x30 m að þvermáli. Innan hringsins virtist gróður nokkuð dekkri á lit og voru könnunarskurðir teknir á þremur stöðum við útmörk þessarar hringmyndunar.

Skurður 1



Mynd 4. Skurður 1. Kirkjugarðsveggurinn næst á mynd. Horft í suður. Ljós. GSS.

Skurður 1 var tekinn nyrst við hringinn sem sást á loftmyndinni um 22m vestur af prestsbústaðnum. Hann lá norður-suður og var 1m að breidd og 5m langur en dýpstur var skurðurinn um 70cm í suðurenda. Norðarlega í skurðinum, rétt undir grasrót, kom fram vegghleðsla kirkjugarðsveggjarins. Veggurinn hefur verið hlaðinn úr rauðalituðu¹⁸ torfi sem í var töluvert af svartri gjósku. Þykkt veggjar var um 1m. Utan (norðan) veggjarins voru svo óhreyfð jarðlög en efst undir grasrótinni voru þó kolaleifar og rótaðir gjóskuflekkir. Sunnan kirkjugarðsveggjarins var grafið niður að ljósu gjóskulagi frá Heklu sem tímasett er til 1104. Syðst í

skurðinum kom svo fram niðurgröftur grafar.

Teiknuð voru upp vestur langsnið og suður skammsnið skurðarins auk skurðbotnsins. Númer í hornklofum vísa til jarðlagateikningar aftast í skýrslu.

Vestur langsnið

Vestursnið var um 5m langt. Efst undir grasrót syðst í skurðinum var torf- og kolablandað lag [2]. Vera kann að þetta lag sé tilkomið annaðhvort þegar kirkjugarðsveggnum hefur verið rutt um eða þá að um sé að ræða einhverskonar uppfyllingarlag til að slétta úr yfirborði kirkjugarðsins. Undir þessu lagi í suðurenda skurðarins er svo sand-, malar- og grjótlag [4] sem virðist vera úr aurskriðu úr hlíðinni

¹⁸ Tekið úr rauðaríkri mýri, þ.e. mýri þar sem svokallaður mýrarrauði litaði jarðveginn, en rauðinn var notaður til járnvinnslu þar sem mikið var af honum.

ofan garðsins. Neðan þess lags er bleikt mannvistarlag [6] sem í eru flekkir af kolum, móösku, brenndum beinum og torflinsum. Ofan þess jarðlags í skurðinum komu svo fram leifar torfveggjarins [12] sem umlukið hefur kirkjugarðinn. Í garðinum er rauðalitað torf sem í voru stórir flekkir af svartri gjósku (líklega 1300). Garðurinn er um 10-20cm á þykkt en sléttað hefur verið úr honum við jarðvinnslu í túninu. Um 5-15cm undir garðinum og fyrrgreindu fokmoldar/mannvistarlagi lá svo óhreyfð grásvört gjóska [10] sem líklega er úr Heklugosi frá árinu 1300. Um 5-20cm neðan þess var ljóst gjóskulag sem vel er þekkt, en það er gjóska úr Heklugosi frá 1104 [13]. Milli þessara tveggja laga er ljóst fokmoldarlag [5] sem inniheldur koladreif og eilítið af brenndum beinum. Undir 1104 laginu er hinsvegar fokmoldarlag [15] sem ekki var hægt að greina í merki um mannvist. Stungið var niður úr þessu lagi sem var um 5cm að þykkt en fast neðan þess er dökkleitt gjóskulag sem líklega er svokallað Landnámslag sem féll 871±2. Neðan þess lags eru svo 7-10cm niður á gulleita forsögulega Heklugjósku (H3).



Mynd 5. Jarðlög í skurði 1. Neðst er svokallað Landnámslag en ofan þess hvít gjóska frá 1104. Ofan þess er dökk gjóska frá 1300 en ofan þess er bleikt mannvistarlag og torfhrun úr kirkjugarðsveggnum efst. Ljósm. GZ.

Grjót- og malarlagið syðst í skurðinum reyndist vera fylling í gröf en niðurgrofturinn kom vel fram í botni skurðarins. Skurðurinn lá um gröfina miðja en gröfin lá nálega austur-vestur og var um 40cm breið. Gröfin hefur verið tekin í gegn um bæði gjóskulögin frá 1104 og 1300 og er hún því frá því eftir þann tíma. Leifar kistunagla fundust en engar aðrar leifar kistu voru greinanlegar. Ekki var grafið lengra niður í gröfina. Fyllingin í gröfinni í vestursniðinu [3] er um 30cm að þykkt en ofan hennar er um 15-25cm þykkt lag [2] af möl og steinum sem tilheyrir áðurnefndri aurskriðu.

Suður skammsnið

Í suður skammsniði skurðarins er greinilegt að stuttu eftir að gjóska féll á jörð um 1300 þá hefur aurskriða [11] fallið yfir svæðið. Um 1-3cm jarðvegsþykkt er á milli 1300 lagsins og skriðunnar. Skriðan er um 10-15cm þykk en ekki var hægt að greina merki hennar í langsniði skurðarins. Ofan hennar er svo um 5-8cm þykkt bleikt mannvistarlag [6] með kolum, brenndum beinum og móösku. Lagið er einnig greinanlegt í langsniðinu. Ofan þess eru svo merki um stærri skriðu [4] en hún er þykkari og í henni er töluvert stærra grjóten í eldri skriðunni. Þessi skriða er greinileg í vestursniðinu á um 3,6m löngum kafla en hún þynnist nokkuð til norðurs og hverfur við kirkjugarðsvegginn. Skriðan er þykkust um 50cm og er í henni að finna leifar af torfi og kolum. Skriðan virðist liggja upp að kirkjugarðsveggnum en erfitt er að greina hvort það hefur gerst þegar hún féll eða tengist því þegar að tún voru sléttuð. Skriðan sést mjög greinilega í skurði 3, ofar í túninu en er að mestu horfin í skurði 2 sem liggur neðst í túninu.



Mynd 6. Gröf í suðurenda skurðar. Útlínur grafarinnar eru vel greinanlegar þar sem að hún hefur verið skorin ofan í 1104 gjóskuna. Ljósm. GSS.

Túlkun

Af jarðlögum má dæma að búið hefur verið á Hvanneyrarhóli milli 1104 og 1300 en nokkur jarðvegsþykkun hefur orðið á þeim tíma og mjög augjós merki mannvistar svo sem kola- og beinadreif auk torfflekkja. Ekki fundust óyggjandi merki um byggð frá því fyrir 1104.

Kirkjugarðsveggurinn er hlaðinn nokkru eftir að 1300 gjóskulagið féll en um 5-15cm voru frá laginu upp í garðhleðsluna. Grafið hefur verið í garðinn eftir 1300 þar sem að gröfin sem fram kom syðst í skurðinum er grafin í gegn um það lag, auk ljósu gjóskunnar frá 1104. Greinilegt er að stuttu eftir 1300 féll aurskriða úr hlíðinni fyrir ofan. Svo virðist sem að gröfin í suðurendanum sé tekin ofan í þessa skriðu þar sem fyllingin úr gröfinni virðist, allavega að hluta til, úr þessu efni. Grjótið í yngri

skriðunni er töluvert stærra en í þeirri eldri. Ofan grafarfyllingarinnar og eftir skurðinum endilöngum að kirkjugarðsvegnum eru svo merki stærri skriðu sem í er nokkuð stærra grjótt. Svo virðist sem sú skriða hafi fallið á kirkjugarðinn en stoppað við kirkjugarðsvegginn að norðanverðu. Merki eru um að reynt hafi verið að slétta úr garðinum með því að bera jarðveg í og tyrfa yfir svæðið sem skriðan hefur fallið. Einnig kann að vera að hluti þess torfs sé til kominn við það að kirkjugarðsveggurinn hefur verið sléttaður út.

Skurður 2



Mynd 7. Skurður 2, horft til suðvesturs. Ljósm. GZ.

Skurður 2 var tekinn um 11m neðan og austan við skurð 1 um 12 vestur af prestsbústaðnum. Jarðlögum í skurðinum hallar nokkuð niður á við þar sem að kirkjugarðurinn hefur staðið í túnbrekku sem hallar til austurs og halla jarðlög í skurðinum til austurs til samræmis við hallann á brekkunni.

Númer jarðlaga eru í hornklofum og vísa til teikningar aftast í skýrslunni.

Norðvestur langsnið skurðar

Skurðurinn var tekinn þar sem áætlað var að útmörk kirkjugarðsins væru skv. loftmynd. Skurðurinn var 5m langur og 1m breiður og lá nna-ssv. Í norðaustur enda hans kom fram kirkjugarðsveggurinn, um 1m breiður. Annars voru jarðlög með líku sniði og í skurði 1. Neðan grasrótar var 10-30cm þykkt rótað torflag [2] og var það þykkast í suðvestur enda skurðar Grafið var niður á gjóskuna frá 1104 og komu í ljós útlínur grafar [3] í suðvesturenda skurðarins. Gröfin er um 40cm á breidd og nær um 1,3m til austurs úr suðvestur horni skurðarins. Fyllingin í gröfinni er áþekk fyllingunni í gröfinni í skurði 1, gróf möl, leir og stærri steinar. Fyllingin í gröfinni er um 40cm þykk í vestursniði skurðarins og hefur verið grafið niður fyrir gjóskulögin frá 1300 og 1104, sem liggja óhreyfð í norðaustur hluta skurðarins. Hvorki fundust þar merki um kistu né kistunagla.

Ofan 1300 lagsins er svo um 10-20cm þykkt hreyft fokmoldarlag [5] en ofan þess 5-15cm þykkt mannvistarlag [6] með nokkru af móösku, kolum og brenndum beinum og ofan þess kirkjugarðshleðslan [9] í austurenda skurðar. Líkt og í skurði 1 liggur kirkjugarðsveggurinn um 15cm yfir gjóskulaginu frá 1300 ofan bleiks mannvistar- og fokmoldarlags. Upp að, og að hluta til ofan á torfi úr kirkjugarðshleðslunni, er um 10-15cm þykkt grjót og moldarlag. Vera kann að þetta sé uppmokstur úr gröfinni, er hún var tekin, en einnig getur verið að þetta sé hluti af aurskriðu sem sést í skurði 1 og 3. Stór steinn var undir garðhleðslunni við suður langhlið skurðarins og kann hann að vera hluti hleðslunnar en annars voru engin merki um grjót í garðhleðslunni.



Mynd 8. Jarðlög í skurði 2. Í vestursniði er fylling grafarinnar greinileg og útlínur hennar í skurðbotninum. Þykkur bunki af rauðlitu torfi var syðst í skurðinum en vera kann að þar sé um að ræða leifar torfbyggingar. Ljós. GZ.

Neðst í skurðinum norðaustantil er greinileg gjóskan 1104 og um 10cm ofan hennar gjóskan frá 1300. Merki eru um mannvist milli þessara tveggja laga. Í suður skammenda skurðarins var greinilegur um 60cm þykkur torfbunki úr svipuðu torfi og liggur efst í skurðinum þremur. Ekki var ljóst hvort um einhverskonar jarðvegsuppfyllingu var að ræða eða hvort að þar hafi verið komið í vegg, þá líklega

horn, einhverrar byggingar. Ekki var grafið lengra inn í garðinn til suðurs. Norðaustan kirkjugarðsveggjarins voru mjög rótuðu mannvistarlög og komu þar upp krítarpípubrot og leifar af postulíni. Líklegt er að þar hafi verið komið niður í mannvistarlög tengd bæjarhóli gamla Hvanneyrabæjarins.

Túlkun

Segja má að jarðlög í skurði 2 séu nánast eins og í skurði 1. Greinileg mannvist er á milli 1104 og 1300 en ekki var hægt að greina mannvistarleifar undir 1104 gjóskunni. Kirkjugarðsveggurinn liggur ofan 1300 gjóskunnar og hefur hann verið hlaðinn eitthvað eftir að 1300 lagið féll. Ummerki grafar, sem tekin hefur verið nokkru eftir 1300, er að finna í suðvesturhluta skurðarins. Rótað torflag er efst í skurðinum og þykkar til suðurs. Líklega er þar um að ræða einhverskonar uppfyllingu í garðinn en hluti þess kann að vera tilkominn þegar að kirkjugarðsveggnum hefur verið rutt um. Vestast í skurðinum var þetta lag hinsvegar svo þykkt að þar hlýtur að vera um uppfyllingu að ræða eða þá að þar hefur staðið bygging sem hefur verið rutt um.

Skurður 3

Skurður 3 var tekinn efst í túnbrekkunni vestan prestbústaðarins á Hvanneyrarhóli þar sem líklegast þótti að útlínur kirkjugarðsveggjarins væri að finna. Skurðurinn lá sa-nv og var 9m langur og 1m breiður. Suðvestursnið skurðarins var teiknað upp.

Númer jarðlaga eru í hornklofum og vísa til teikningar aftast í skýrslunni.

Suðvestur langsnið



Mynd 9. Skurður 3, horft til suðurs. Ljós. GZ.

Kirkjugarðsveggurinn [7] var greinilegur fyrir miðjum skurði um 50cm að

þykkt. Gjóskan frá 1104 [6] lá neðst í skurðinum. Gjóskulagið frá 1300 var ekki að finna óhreyft í langsniðinu en í flekkjum í 30cm þykku rótuðu lagi [8] ofan 1104 gjóskunnar. Ofan þess [8] liggur svo kirkjugarðsveggurinn. Á yfirborði var veggurinn

ógreinanlegur frá rótuðu torflagi [2] sem lá beint undir grasrót og því var tekið snið í gegn um garðinn. Í sniðinu var garðurinn um 50cm á þykkt og um 1m á breidd. Greinilegt var að skafið hafði verið ofan af honum og er samskonar torf um 10cm þykkt efst undir grasrót í skurðinum

sunnan veggjarins og í



Mynd 10. Snið í gegn um kirkjugarðsvegginn. Ljós. GZ.

þunnu lagi norðan hans. Annars voru óhreyfð jarðlög norðan vegghleðslunnar í norðurenda skurðarins. Undir veggnum er síðan um 5-10cm þykkt bleikt, blandað mannvistarlag líkt og í hinum skurðunum. Hugsanlega má sjá tvö byggingaskeið á garðinum en neðst í hleðslunni er torf með linsum af dökku gjóskulagi og ofan þess er torf sem í er nokkuð af rauðum jarðvegi, en dökka gjóskulagið vantar.

Allur suðurhluti skurðarins er hinsvegar aurskriða [4] sem fallið hefur úr hlíðinni fyrir ofan. Vera kann að hér sé um að ræða aurskriðu sem einnig er greinanleg í skurði 1 og 2 en þarna er hún nokkru þykkri, allt að 40cm þykk. Grafið var í gegn um skriðuna syðst í skurðinum og undir henni var rótað mannvistarlag [5]. Eina jarðlagið ofan



Mynd 11. Jarðlög syðst í skurði 3. Efst er greinilegt rótað torflag sem finna mátti efst í öllum skurðunum. Undir því eru hinsvegar leifar aurskriðu sem einnig má finna merki um í öllum skurðunum. Ljós. GZ.

skriðunnar var um 10-30cm þykkt rótað torflag [2] líkt og finna má undir grasrót í hinum tveimur skurðunum. Ekki fundust merki um grafir í skurðinum.

Túlkun

Í skurði 3 er að finna greinanlegust merki um kirkjugarðsvegginn og virðist sem hann hafi verið hlaðinn úr sniddu en ekkert grjót var að sjá í veggnum. Merki eru um þykka og nokkuð stórgrýtta aurskriðu í suðurhlið skurðarins og líklega er um að ræða sömu skriðu og sjá má í hinum skurðunum. Ekki er vel ljóst hvort skriðan hefur fallið upp að kirkjugarðsveggnum eða verið til staðar þegar að veggurinn var hlaðinn. Hinsvegar er ljóst að skriðan liggur upp að og yfir mannvistarlögunum undir garðveggnum.

Niðurstöður

Niðurstöður fornleifarannsóknarinnar voru eftir vonum góðar. Hægt var að staðsetja útlínur kirkjugarðsins eins og hann hefur litið út á meðan að torfgarður lá umhverfis hann. Tvær grafir fundust úti við norðanverðan kirkjugarðsvegginn sem bendir til að næsta fullgrafið hafi verið í garðinn norðanverðan. Þær grafir sem síðast voru teknar eru suðvestan til í garðinum og þar standa enn legsteinar þeirra sem þar voru seinast jarðsettir.



Mynd 12. Legsteinar í suðvesturhorni kirkjugarðsins. Ljós. GSS.

Af skurðunum sem teknir voru má ráða að umhverfis garðinn hafi legið hlaðinn hringlaga eða sporöskjulaga garðveggur úr torfi en einungis einn steinn fannst við hleðsluna í austasta skurðinum. Könnunarskurðirnir styðja hringlaga útlínur garðsins sem sjá má sem óljós gróðurskil þegar skoðuð er litloftmynd af túninu. Garðurinn virðist hlaðinn nokkru eftir að gjóskan féll um 1300, en ekki er hægt að ákvarða nákvæmar um aldur hans. Greinilega hefur verið sléttað úr garðinum og eru leifar af torfi úr honum að finna rétt undir grasrót. Óvíst er hvort að þarna er um að ræða fyrsta hlaðna garðinn umhverfis bænhúsið/kirkjuna sem stóð á Hvanneyri áður en sóknar-

kirkjan var flutt þangað frá Siglunesi. Hafi kirkjugarður verið umhverfis bænhúsið er ekki ólíklegt að hann hafi upphaflega verið eitthvað minni en stækkaður eftir því sem fleiri voru greftraðir þar. Tvær grafir sem komu í ljós í skurðunum virðast hafa verið teknar nokkru eftir 1300 sem passar við aldur garðhleðslunnar. Um nákvæman aldur er erfitt að segja þar sem að ofan 1300 gjóskunnar er þykkt mannvistarlag og því ekki augljóst hver jarðvegsþykknun hefur verið eftir að gjóskan féll og þangað til garðurinn var hlaðinn. Á uppdráttum sr. Bjarna Þorsteinssonar af byggð á Siglufirði í lok 19. aldarinnar er kirkjugarðurinn sýndur ferkantaður en í fornleifakönnuninni kom einungis fram hring- eða sporöskjulagaður veggur. Það lag er þekkt á elstu kirkjugörðum en hið ferkantaða form verður algengara á seinni öldum. Rannsókninni var einungis beint að útmörkum garðsins norðanverðum og því komu ekki fram merki um stækkun eða minnkun kirkjugarðsins. Sléttað mun hafa verið úr gamla torfgarðinum um 1930 og hann sést ekki lengur á yfirborði.¹⁹



Mynd 13. Horft yfir gamla kirkjugarðinn til suðurs. Greinilegar eru mishæðir í brekkunni en merki voru um aurskriður úr fjallinu í skurðunum sem teknir voru. Ljósmynd. GSS.

¹⁹ Guðbrandur Magnússon, 1982. Bls. 170.

Ljóst er að búið hefur verið á Hvanneyri frá því skömmu eftir 1104 en ekki fundust vísbendingar um byggð þar fyrir þann tíma. Hinsvegar útilokar það ekki byggð þar fyrir 1100 þar sem rannsóknin var takmörkuð og ekki var grafið í leifar gamla bæjarstæðisins.

Þegar horft er yfir túnbrekkuna vestan prestbústaðarins eru nokkrar ójöfnur í túninu sem ekki voru ólíkar lækjar- eða vatnsfarvegum. Ekki fundust leifar árfarvegar eða lækja í skurðunum sem teknir voru en greinilegt er að þarna hefur verið skriðuhætt, þar sem merki eru um að minnsta kosti tvær aur- og grjótsþýjur úr hlíðinni fyrir ofan. Að minnsta kosti ein skriða hefur fallið yfir grafirnar nyrst í skurðinum. Vera kann að garðurinn hafi verið stækkaður frekar til suðurs vegna þessara skriða en víst er að það hefur útheimt töluvert erfiði að taka grafir í norðurhluta garðsins vegna stórgrýtis og malar.

Niðurlag

Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna útmörk kirkjugarðs á Hvanneyri til að hægt sé að taka tillit til legu hans við skipulag svæðisins og hverskyns framkvæmda í nágrenni hans. Nyrðri útmörk garðsins liggja upp túnbrekkuna beint vestur af núverandi prestsbústað upp að þar sem nú er girðing ofan túnsins. Vesturmörk garðsins liggja meðfram þar sem nú er girðing ofan túnsins og austurmörk liggja um 10-12m suðvestur af prestbústaðnum. Hinsvegar var ekki hægt að ákvarða mörk garðsins til suðurs en þar hefur farið fram nokkuð jarðrask.

Ekki var rannsakað frekar hvaða minjar kunna leynast á bæjarstæði gamla Hvanneyrabæjarins en þar hefur miklu verið raskað vegna seinni tíma framkvæmda. Aldur kirkjugarðs og lega kirkju eru líka óráðin en þeim spurningum verður einungis svarað með frekari fornleifarannsóknum.

Þó kunna minjar enn að leynast óskaddaðar neðanjarðar og ber því að hafa í huga við allt jarðrask á svæðinu að þar geti leynst minjar. Komi minjar í ljós við framkvæmdir ber að tilkynna fundinn til Fornleifaverndar ríkisins.

Heimildir

Guðbrandur Magnússon, 1982: Byggingarsaga Siglufjarðarkirkju. Í *Siglufjarðarkirkja 1932-1982*. Útgefandi Sóknaarnefnd Siglufjarðarkirkju, 1982. Siglufjörður. 1990.

Ingólfur Kristjánsson, 1968. *Siglufjörður*. Siglufjarðarkaupstaður og Sögufélag Siglufjarðar.

Jarðabók Árna Pálssonar og Páls Vídalíns 11. bindi, 1943. Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn, Kaupmannhöfn.

J. Johnsen, 1847: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágrip úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn, 1847.

Siglufjarðarkirkja 1932-1982. Útgefandi Sóknaarnefnd Siglufjarðarkirkju, 1982. Siglufjörður.

Sigurjón Sigtryggsson, 1982: Byggingarsaga Siglufjarðarkirkju. Í *Siglufjarðarkirkja 1932-1982*. Útgefandi Sóknaarnefnd Siglufjarðarkirkju. Siglufjörður.


Sigurjón Sigtryggsson. 1986. *Frá Hvanndölum til Úlfsdala. Þættir úr sögu Hvanneyrarhrepps*. I-III. Sögusteinn, Reykjavík.

Þ. Ragnar Jónasson, 1982: Ágrip af kirkjusögu Siglufjarðar. *Siglufjarðarkirkja 1932-1982*. Útgefandi Sóknaarnefnd Siglufjarðarkirkju. Siglufjörður.

Hvanneyrarhóll- yfirlitsmynd af uppgriftarsvæði

Teikning: Bryndís Zoëga

- Prestsbústaður
- Skurðir
- Kirkjugarðsveggur
- + Legsteinar
- △ Tré og runnar
- Gras
- Matjurtagarður
- Syðri útlína vegar
- Snúrur
- Neðri brún fláa
- Girðing
- Gangstétt
- Grafir




Hvanneyrarhóll - Siglufirði

Skurður 1 - sniðteikning vestur langsniðs og suður skammsniðs
 auk skurðbotns.

13.10.2006

Teikning: GZ, GSS, BZ




- | | | | | |
|-----------------------------------|--|-------------------------------|--|--|
| 1. Grasrót. | 4. Skriða, mól mold og stærri steinar. | 7. Steinn. | 10. Hekla 1300, um 7mm þykkt þar sem það er þykktast. | 13. H-1104, um 0,5-1cm að þykkt <i>in situ</i> . |
| 2. Blandað rauðleitt torflag. | 5. Fokmold sem í eru gjöskuflekkir, koladreif og brennd bein. | 8. Dökk sendið lag, fínkorna. | 11. Leifar aurskriðu, mold, mól og steinar. | 14. Torf, líklega hrun úr torfvegg. |
| 3. Fylling í gróf, malar-blandin. | 6. Bleikt mannvistarlag með mó-ösku, kolum og brenndum beinum. | 9. Far eftir stóra steina. | 12. Kirkjugarðsveggur hlaðinn úr torfi. Hekla 1300 greini-leg í torfinu. | 15. Óhreyfð fokmold. |

Hvanneyrarhóll - Siglufirði

Skurður 2, teikning af norðvestursniði skurðar og skurðbotni

13.10.2006

Teikning: GZ, BZ



1. Grasrót.



2. Rauðleitt rótað torflag með svartri gjósku, líklega uppfylling.



3. Fylling í gröf, grjót og grá fin möl.



4. Gráleit möl, hugsanlega uppgröftur úr gröf.



5. Hrunið torf úr kirkjugarðsvegg.



6. Hekla - 1300 *in situ*, allt að 0,5 cm þykk.



7. Stór steinn, kann að vera úr kirkjugarðshleðslu.



8. Hekla-1104 *in situ*, allt að 1cm þykk.



9. Kirkjugarðsveggur, rauðleitt torf með svörtum gjóskuflekkjum og gráum leir.




5. Fokmold með gjóskuflekkjum, koladreif og brenndum beinum.



6. Móöskulag með kolum og brenndum beinum.

GZ, BZ, GSS



Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga:

1 Villinganesvirkjun – Mat á umhverfisáhrifum.

Fornleifaskráning í hluta lands Tyrfringsstaða, Keldulands, Stekkjarflata og Villinganess. Katrín Gunnarsdóttir september 1999.

2 Hof í Hjaltadal – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir apríl 2000.

3 Hólar í Hjaltadal – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir apríl 2000.

4 Steinsstaðir í Tungusveit – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir júní 2000.

5 Grafarós og Hofsó – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir febrúar 2001.

6 Víðimelur í Skagafirði – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir júní 2001.

7 Reykjarhóll í Skagafirði. Fornleifaskráning vegna frístundabygðar. Katrín Gunnarsdóttir mars 2002.

8 Fornleifaskráning vegna vegagerðar í landi Hnausa, Bjarnastaða, Mástaða og Hjallalands í Vatnsdal. Ragnheiður Traustadóttir, Rúna Knútsdóttir Tetzschner, Sigríður Sigurðardóttir maí 2002.

9 Fornleifaskráning á Hveravöllum vegna deiliskipulags. Guðný Zoëga ágúst 2002.

10 Fyrri hluti fornleifaskráningar fyrir Vestmanneyjar. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir desember 2002.

11 Glaumbær. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags fyrir umhverfi prestsbústaðar, kirkju og safns auk aðalskipulagsskyldra minja utan þess svæðis í Glaumbæ I og II. Sigríður Sigurðardóttir febrúar 2003.

12 Rannsókn á torf- og grjóthleðsluleifum í Skagafirði. Anna Björg Bjarnadóttir og Sigríður Sigurðardóttir, 2002.

13 Höfði á Höfðaströnd. Fornleifaskráning fyrir skipulagsvinnu vegna sumarbústaðar í Höfðagerðislandi og fyrir aðalskipulag. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.

14 Hátún og Mikligarður. Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.

15 Syðra-Skórðugil. Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.

16 Fornleifaskráning vegna umhverfismats snjóflóðavarna í Neskaupstað. Guðný Zoëga júlí 2003.

17 Fornleifaskráning vegna vegagerðar í landi Hvamms, Eyjólfstaða, Bakka og Hofs í Vatnsdal. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir ágúst 2003.

18 Kirkjugarður í Keldudal Hegræni. Drög að skýrslu. Guðný Zoëga, Þór Hjaltalín september 2003.

19 Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Varmahlöð.

Reykjarhóll með Barði, Brún og Laugarbrekku. Einnig Hof, Fagrihvoll og Reykjarhólssel í Brekkulandi. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir nóvember 2003.

20 Fornleifakönnun vegna vegagerðar í Reyðarfirði og Faskrúðsfirði. Guðný Zoëga október 2003.

21 Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Áshildarholt. Sigríður Sigurðardóttir nóvember 2003.

22 Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Kimbastaðir, Messuholt og Lyngholt. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.

23 Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sjávarborg, Tjarnir, Lambagerði, Skógarbakki, Grænhóll. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.

24 Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Borgargerði. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.

25 Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Brennigerði. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.

26 Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Gil, Tröð og Bergsstaði. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.

27 Fornleifaskráning vegna aðal- og deiliskipulags í Fjarðabyggð. Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir og Bryndís Zoëga janúar 2004.

28 Fornleifaskráning vegna aðalskipulags í Fjarðabyggð. Svæðisskráning. Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir janúar 2004.

29 Fornleifaskráning vegna aðalskipulags Breiðdalsvíkur. Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga, Anna Rut Guðmundsdóttir, janúar 2004.

30 Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Þingeyrum. Guðný Zoëga, mars 2004.

31 Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Skálmarbæ. Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir, maí 2004.

32 Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Arnarneslandi. Ragnheiður Traustadóttir og Anna Rut Guðmundsdóttir, maí 2004.

33 Greining mannabeina úr kirkjugarðinum í Keldudal, Hegræni. Framvinduskýrsla. Guðný Zoëga, september 2004.

34 Hallormsstaður og nágrenni. Fornleifaskráning. Guðný Zoëga, nóvember 2004.

35 Hálsorp í Djúpavogshreppi. Fornleifaskráning. Guðný Zoëga, nóvember 2004.

36 Neðri-Ás í Hjaltadal. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga desember 2004.

37 Vopnafjörður. Heimildaskráning vegna væntanlegra vegaframkvæmda. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga desember 2004.

38 Fornleifaskráning vegna aðalskipulags á Langholti Skagafirði. Grófargil, Brautarholt, Stóra-Seyla, Torfgarður, Ytra-Skórðugil I og II, Halldórsstaðir, Jaðar og Páfastaðir. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga desember 2004.

39 Fornleifakönnun í landi Arnarness, Garðabæ. Daniel Rhodes, Ragnheiður Traustadóttir október 2004.

40 Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ. Ragnheiður Traustadóttir og Rúna Knútsdóttir Tetzschner, febrúar 2005.

41 Fornleifaskráning Vopnafjarðar, Svæðisskráning. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga, maí 2005.

42 Sauðá í Borgarsveit. Fornleifaskráning vegna aðalskipulags. Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga, Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir, júní 2005.

43 Steinsstaðir í Hafnarfirði /Hamarsbraut 17. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags. Auður Blöndal og Ragnheiður Traustadóttir, ágúst 2005.

44 Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í botni Hrútafjarðar. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga og Sigríður Sigurðardóttir, október 2005.

45 Greining mannabeina úr kirkjugarðinum í Keldudal, Hegræni. Framvinduskýrsla. Guðný Zoëga, september 2005.

46 Fornleifakönnun vegna vegagerðar í Finnstungu, Bólstaðarhlíðarhreppi. Guðný Zoëga, október 2005.

47 Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í Vopnafirði. Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson, desember 2005.

48 Fornleifakönnun vegna vegagerðar í botni Hrútafjarðar. Guðný Zoëga og Sigríður Sigurðardóttir, febrúar 2006.

49. Fornleifaskrá Reynistaðar. Guðmundur St. Sigurðarson, Bryndís Zoëga, Sigríður Sigurðardóttir og Guðný Zoëga, mars 2006.

50. Fornleifaskrá Þingeyra. Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson, Sigríður Sigurðardóttir og Guðný Zoëga, mars 2006.

51. Fornleifaskráning á Langholti II. Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson Guðný Zoëga, apríl 2006.

52. Greining mannabeina af Vestdalsheiði. Guðný Zoëga, ágúst 2006.

53. Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar við Hornafjarðarfljót. Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga, Edda Linn Rise og Margrét Hallmundsdóttir, september 2006.

54. Fornleifakönnun á Grenjaðarstað í Aðaldal. Guðný Zoëga, september 2006.

55. Fornleifakönnun við Staðará, Skagafirði. Áfangaskýrsla. Guðný Zoëga, september 2006.

56. Who were the people of Keldudalur? A status report on aDNA studies on skeletons from Keldudalur. Margrét Ásta Kristinsdóttir og Jørgen Dissing, september 2006.

57. Fornleifaskráning Skálaness í Seyðisfirði. Áfangaskýrsla. Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga, desember 2006.

58. Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum í Skógum í Fnjóskadal. Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga, desember 2006.

59. Fornleifakönnun á Hvanneyri, Siglufirði. Guðný Zoëga, desember 2006.